



GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmdaleyfis- og þjónustugjöld skipulagsfulltrúa í Strandabyggð

1.gr.

Meginreglur

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum, auglýsingu og kynninga vegna málsins. Umhverfis- og skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhugað á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið. Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 13.160 kr. eða gjald skv. reikningi.

2. gr.

Skilgreiningar

Afgreiðslugjald: gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytinga. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu og yfirferð erindisins.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdráttar.

3. gr.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr., viðmiðunargjald	320.405 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36 gr.	80.100 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36 gr.	68.660 kr.

4. gr.

Kostnaður vegna deiliskipulags

Nýtt deiliskipulag

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	320.405 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	80.100 kr.

Verulegar breytingar á deiliskipulagi

Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	205.975 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr.	80.100 kr.

Óverulegar breytingar á deiliskipulagi

Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2 mgr. 43. gr.	137.315 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr.	80.100 kr.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANNDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

5. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis

Afgreiðslugjald	80.100 kr.
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald	148.760 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	80.100 kr.
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	28.610 kr.

6. gr.

Gjaldddagi

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari falla í gjalddaga við afgreiðslu erindis nema um annað sé samið.

7. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

8. gr.

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu í janúar 2020 (146,7 stig). Þau breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu sem þá hefur orðið á vísitölnni. Leyfisgjöld eru ekki endurkræf þó leyfi falli úr gildi.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggpar 12. desember 2019, sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi, jafnframt fellur brott eldri gjaldskrá sama efnis.

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 12. desember 2019.

Gildir frá 1. janúar 2020.